



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Smíðju
Tjarnargata
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samorka, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Viðskiptaráð Íslands (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu sem nú er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis (þskj. 421 í 300. máli). Með frumvarpinu eru lögð til heildarlög um rýni á erlendum fjárfestingum, en hugtakið rýni í skilningi frumvarpsins vísar til greiningar og mats á því hvort viðskiptaráðstafanir, sem tryggja erlendum aðilum eignaraðild, veruleg áhrif eða yfirráð yfir atvinnufyrirtækjum hér á landi, ógni þjóðaröryggi eða allsherjarreglu.

Málið á sér þónokkurn aðdraganda og hafa samtökin m.a. skilað umsögn um frumvarp sama efnis á 154. löggjafarþingi, dags. 8. apríl 2024, þar sem samtökin lögðust gegn samþykkt frumvarpsins eins og það var þá lagt fram, ekki síst vegna þess að gildissvið frumvarpsins var að mati samtakanna óskýrt, of víðtækt og til þess fallið að hafa hamlandi og þar með neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu á Íslandi. Samtökin skiluðu síðast umsögn um drög að fyrirliggjandi frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda 21. október 2025. Í þeirri umsögn lýstu samtökin yfir ánægju með að framlögð frumvarpsdrög tækju að nokkru leyti mið af fyrri gagnrýni samtakanna en ítrekuðu að tiltekin atriði þörfnuðust enn nánari skoðunar. Samtökin telja þær breytingar sem gerðar hafa verið á fyrirliggjandi frumvarpi eftir samráð vera skref í rétta átt en vilja þó koma á framfæri athugasemd um 5. gr. frumvarpsins sem þau telja nauðsynlegt að verði afmörkuð nánar áður en frumvarpið verður að lögum.

Áður en lengra er haldið vilja samtökin taka undir mikilvægi þess að hér á landi verði sett rýnilöggjöf um erlendar fjárfestingar. Breyttar aðstæður á alþjóðamörkuðum, meðal annars vegna gervigreindarbyltingarinnar og nauðsyn aukinnar áherslu á öryggis- og varnarmál Íslands, kalla á að sett sé rýnilöggjöf sem stenst alþjóðlegan samanburð. Slík löggjöf, að því gefnu að hún sé einföld, gagnsæ og skýr, getur þannig stutt við erlenda fjárfestingu. Fjárfesting er grundvöllur framfara og lífskjarasóknar og kostir erlendrar fjárfestingar eru ótvíræðir fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf. Ljóst er að alþjóðleg samkeppni ríkir um fjármagn og það hversu eftirsóknarverð fjárfesting er ræðst að miklu leyti af lagaumgjörð um fjárfestingu og atvinnurekstur sem til staðar er í hverju landi fyrir sig. Þar ræður fyrirsjáanleiki ekki hvað minnstu. Því er mikilvægt að vanda vel til verka og gæta hófs við lagasetningu sem snýr að



fjárfestingarumhverfinu og ganga úr skugga um að ábatinn af slíkri löggjöf sé meiri en kostnaðurinn.

5. gr. frumvarpsins

Athugasemdir samtakanna snúa að 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um skyldu til tilkynningar vegna tiltekinna viðskipta- og samstarfssamninga. Felur ákvæðið í sér skyldu til að tilkynna ráðherra um gerð nánar tiltekinna viðskiptasamninga milli erlends og innlends rekstraraðila sem fellur undir 3. gr. laganna um viðkvæm svið. Hafa ber í huga að skilgreiningu frumvarpsins á viðkvæmum sviðum skv. 3. gr. eru litlar skorður settar, en af frumvarpinu má ætla að nánar eigi að kveða á um gildissvið ákvæðisins í reglugerð. Af þeim sökum telja samtökin að setja þurfi skýrari ramma um ákvæði 3. gr. til þess að tryggja fullnægjandi fyrirsjáanleika. Með hliðsjón af orðalagi og mögulegri túlkun 5. gr. telja samtökin ekki útilokað að mikill fjöldi fyrirtækja með erlenda birgja gæti þurft að takast á við töluverðan kostnað og tafir á framkvæmd viðskiptasamninga vegna rýni á slíkum samningum, án þess að nokkur ávinningur hljótist af slíkri rýni m.t.t. markmiða fyrirhugaðra laga um þjóðaröryggi og allsherjarreglu.

Samtökin telja ljóst að orðalag 5. gr. felur í sér tilkynningarskyldu vegna lánasamninga fjölda fyrirtækja, ýmissa birgjasamninga og allra samninga um hönnun, byggingu og þjónustu við mannvirki á tilteknum sviðum. Gæti ákvæðið óbreytt reynst verulega íþyngjandi fyrir ýmis samfélagslega mikilvæg fyrirtæki, t.d. á sviði orkuframleiðslu. Samtökin telja ljóst að óbreytt myndi töluverður fjöldi samninga falla undir ákvæðið, sem getur vart talist vera í samræmi við markmið frumvarpsins eða væntingar stjórnvalda og atvinnulífsins til fyrirhugaðra laga.

Eftir því sem samtökin komast næst er í dönsku rýnilögnum, sem frumvarpið byggir að ýmsu leyti á, gerður almennur fyrirvari um að hliðstætt ákvæði 5. gr. frumvarpsins eigi aðeins við um viðskiptasamninga ef slíkir samningar hafa í för með sér veruleg áhrif eða yfirráð yfir innlendum rekstraraðila. Þar að auki hefur danska löggjöfin að geyma ákvæði um undanþágu fyrir samninga innan Evrópska efnahagssvæðisins sem virðist vanta í fyrirliggjandi frumvarp.

Samtökin hvetja eindregið til þess að gerðar verði breytingar á fyrirhugaðri 5. gr. frumvarpsins sem tryggir betra samræmi við markmið frumvarpsins um þjóðaröryggi og allsherjarreglu á sama tíma og komið verði í veg fyrir óhóflegan kostnað og sóun í atvinnulífinu og stjórnkerfinu. Gæti breytt ákvæði 5. gr. hljóðað svo: „Tilkynna skal ráðherra um gerð viðskiptasamninga milli erlends aðila og innlends rekstraraðila sem fellur undir 3. gr. með tilkynningu skv. 7. gr., sbr. 8. gr. ef erlendi aðilinn öðlast veruleg áhrif eða yfirráð yfir innlenda rekstraraðilanum í gegnum slíkan samning eða ef í samningnum getur falist ógn við þjóðaröryggi eða allsherjarreglu, svo sem af þeim sökum að samningurinn er um mikilvæga innviði, þ.e. kerfi, mannvirki, búnað, tækni o.fl. sem nauðsynlegir eru til að tryggja virkni ómissandi samfélagslegrar starfsemi.“ Að öðrum kosti vekja samtökin athygli á tillögu Samorku um breytingar á orðalagi núverandi 5. gr. frumvarpsins sem finna má í umsögn um málið.

Að lokum óska samtökin eftir nánu samráði og samtali við þingnefndina vegna fyrirhugaðrar lagasetningar og vonast eftir farsælli útfærslu á málinu. Samtökin hvetja eindregið til þess að



frumvarp um rýni á erlendum fjárfestingum verði samþykkt á Alþingi að ofangreindum atriðum virtum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Lilja Hrunn Lúðvíksdóttir

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Íris Björk Hreinsdóttir

f.h. Samorku

Katrín Helga Hallgrímsdóttir

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Lísbet Sigurðardóttir